

Fundargerð 45. fundar skráningarráðs Gegnis miðvikudaginn 15. apríl 2009
haldinn hjá Landskerfi bókasafna, Borgartúni 37, kl. 9.00 – 11.30

Fundarmenn: Hulda Ásgrímsdóttir (fundarritari), Ragna Steinarsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður) og Jóhanna Diðriksdóttir.
Auk þeirra sátu fundinn þær Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Sveinbjörg Sveinsdóttir framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna. Sigrún Hauksdóttir var fjarverandi

1. **Fundargerð síðasta fundar.** Fundargerð 44. fundar yfirfarin og samþykkt.
2. **Lyklun Gegnis í mars.** Lyklunin tókst mjög vel. Breytingar sem þurfa að verða á vinnuferli skrásetjara í kjölfarið verða ræddar á skrásetjarafundi 21. apríl næstkomandi. Eftir þessa aðgerð er það control F3 sem staðfestir hvort efnisorð er samþykkt af efnisorðaráði. Ragna greindi frá því að mörg efnisorð væru ekki komin í nafnmyndagrunninn sem ættu að vera þar. Öll nafnmyndavinna er afar tímafrek. Sveinbjörg greindi frá því að þrír nýir þjónustupakkar yrðu teknir upp fyrir sumarið en lyklunin hefur tafið það verk.
3. **Undanþágubeiðnir fyrir nýja skrásetjara.** Samþykkt var beiðni um undanþágu fyrir tvo skrásetjara.
4. **Tölfræði.** Hildur og Sigrún hafa verið að rýna í tölulegar upplýsingar sem fá má úr bókfræðigrunni Gegnis. Samkvæmt þeim niðurstöðum bættust 50.667 færslur við í pottinn á árinu 2008. Skráð efni á ensku er 49% en á íslensku 26% samkvæmt kóðun, meginhlutinn er bækur 31.801 titill og tónlist 6.510 titlar. Tölulegar upplýsingar eru mjög vandmeðfarið efni og þarf að skoða vel áður en það er lagt fram til birtingar. Sveinbjörg tók fram að þessar upplýsingar væru ekki þær sömu og birtast mánaðarlega frá Landskerfi.
5. **Hlusta.is.** Komnar eru nokkrar færslur í grunninn þar sem rafræni aðgangurinn Hlusta.is er greindur sem útgefandi. Rætt var um hvaða form ætti að vera á þessum færslum, rafrænt eða hljóðbók? Ragna greindi frá því að í nýju skráningarreglunum væri annars vegar talað um miðlun (carrier) og hins vegar innihald (format) og greinarmunur gerður þar á. Þetta er nauðsynlegt að skoða áður en reglur eru settar um skráningu á þessu efni og sömuleiðis hvernig aðrar þjóðir meðhöndla það. 856 hópurinn þarf að skoða þetta mál.
6. **Fræðslufundur skrásetjara.** Fundurinn verður haldinn þriðjudaginn 21. apríl. Eins og áður var fjallað um verður kynning á breyttum vinnubrögðum í sambandi við val á efnisorðum. Breyting hefur einnig orðið í marksniði þar sem 440 er ekki lengur notað fyrir ritraðir heldur 490 og 830. Sýna á hvað eigi að vera í 856 og fulltrúi rafræna hópsins (856) gerir grein fyrir störfum hans. Fyrir hádegið verður farið í efnisorð og skráningarstuðning. Hugmyndir um fleira vel þegnar.
7. **Efnisorð á erlendar bókmenntir?** Æ oftast kemur fyrir að erfitt er að staðsetja verk erlendra höfunda. Eiga bækur þeirra að falla undir Bandarískar bókmenntir eða Afganskar bókmenntir svo tekið sé dæmið Flugdrekahlauparinn eftir Hosseini. Skoðað var hvernig Bretar, Bandaríkjamenn og Danir leysa þetta mál og kemur í ljós að þeir nota

efnisorð fyrir landið sem sagan gerist í en ekki heimaland höfundar. Ákveðið var að skrásetjarar mættu nota bæði Bandarískar bókmenntir og Afganskar bókmenntir eins og í þessu tilviki og að annað efnisorðið væri ekki talið rangt.

8. **Efnisorð á Norðurlandamálum.** Hildur hafði fengið fyrirspurn um það hvort halda mætti inni efnisorðum á Norðurlandamálunum sem koma með sóttum færslum. Ákveðið var að öll efnisorð á öðrum málum en íslensku yrðu sett í 650 0.
9. **Vinnuhópar um tónlist og rafrænt efni.** Vinnuhópur um tónlist er á fundi núna og skilar brátt af sér. Fundargerðir faghóps um skráningu á rafrænu efni og faghóps um varðveislu á rafrænu efni eru birtar á vef Landskerfis.
10. **RDA fundur í Montréal.** Þessi fundur verður haldinn 29. maí. Ákveðið var að skráningarráð kæmi saman þá eða síðar til að fylgjast með fundinum á netinu.
11. **Önnur mál.**
 - a) Áréttá þarf við skrásetjara að þeir setji í en ekki 1 í 008 sviðið fyrir skáldsögur.
 - b) Nú á þessum síðustu og verstu tímum er brýnt að bjóða upp á kennslu á vefnum.
 - c) Dewey, rafræn útgáfa og
 - d) RDA

- þarf að vera aðgangur (c og d) fyrir alla á landsvísu.

Næsti fundur ákveðinn 13. maí kl. 9

Fundi slitið kl. 11.30